



**Hrund Þórarins Ingudóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: „Uppeldissýn feðra: Fyrirbærafræðileg rannsókn“ þriðjudaginn 19. maí kl. 14:30 í Hátíðasal Háskóla Íslands**

Andmælendur eru dr. Thomas Johansson, prófessor við Gautaborgar háskóla í Svíþjóð og dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands

Leiðbeinandi var dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Aðrir í doktorsnefnd voru dr. Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og dr. W. Andrew Collins, prófessor við Minnesota háskóla í Bandaríkjunum

Dr. Ólafur Páll Jónsson, dósent og deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar við Menntavísindasvið, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Þriðjudaginn 19. maí 2015, kl. 14:30 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfraeðideild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þá ver Hrund Þórarins Ingudóttir doktorsritgerð sína. Verkefnið ber heitið Uppeldissýn feðra: Fyrirbærafræðileg rannsókn. Enska heitið er Fathers' Pedagogical Vision: A Phenomenological Study.

## Um verkefnið

*Uppeldissýn feðra: Fyrirbærafræðileg rannsókn*

Foreldrar, bæði mæður og feður, gegna mikilvægu hlutverki við að hlúa að almennum þroska og velferð barna sinna. Markmið þessarar rannsóknar var að öðlast dýpri þekkingu og skilning á upveldissýn feðra; gildum þeirra, markmiðum og leiðum. Auk þess var skoðað hvernig lífsreynsla þeirra tengist upveldissýn þeirra. Annað markmið var að þróa nýtt greiningarlíkan byggt á líkani Sigrúnar Aðalbjarnardóttur af upveldis- og menntunarsýn kennara og skólastjórnenda í því augnamiði að auka skilning okkar á upveldissýn feðra. Fræðilegur bakgrunnur rannsóknarinnar var sóttur bæði til félagslegrar hugsmíðahyggju og vistfræðilegs sjónarhorns í anda vistfræðikenningar Bronfenbrenner. Við greiningu gagna var beitt fyrirbærafræðilegri nálgun.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að gildin sem feðurnir í rannsókninni hafa að leiðarljósi við upveldi barna sinna séu: öryggi, ást og umhyggja, heiðarleiki, virðing, traust og gildi fjölskyldu. Velferð barnanna gengur eins og rauður þráður í gegnum markmið feðranna: Þeir vilja að börnin spjari sig vel, einkum að því er snertir hamingju og velgengni. Þeir vilja að börn þeirra séu sátt við sjálf sig og lífið, séu hæf í samskiptum, fylgi reglum og venjum, lifi heilbrigðu lífi og geti staðið á eigin fótum. Að veita börnunum öryggi, ást og umhyggju er ráðandi þema í upveldisleiðum feðranna. Þeir segjast vilja vera til staðar fyrir barnið, vera fyrirmynd, veita endurgjöf, upplýsa, veita frelsi og halda aga. Í stuttu máli leggja þeir mikla áherslu á *ást og umhyggju* og *frelsi* (frjálsræði, sjálfræði og sjálfstæði) og *öryggi og mörk*. Lífsreynsla feðranna tengist upveldissýn þeirra og þeir þrá að standa sig betur en feður þeirra gerðu: Þeir vilja vera virkari við upveldi barna sinna og hafa betra samband við þau. Þeir vilja verja meiri tíma með börnum sínum, vera tilfinningalega nánari þeim og eiga fleiri og innihaldsríkari samræður við þau en þeir sjálfir áttu með feðrum sínum. Algengast er að mæður (þ.e. þeirra eigin móðir og barnsmóðir þeirra) séu fyrirmyndir þeirra við upveldið. Menning, félagslegar aðstæður og sögulegt samhengi svo sem gildi samfélagsins, íslensk löggjöf, velferðarkerfið, fjölmiðlar, tíðarandi og hefðir tengjast einnig sýn þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að vera mikilvægt framlag til rannsókna á föðurhlutverkinu og upveldissýn feðra. Einnig ættu niðurstöðurnar að vera gagnlegar við stefnumótun foreldrafræðslu og upveldisráðgjöf og upplýsandi fyrir stjórnendur og aðra fagaðila á þessu sviði.

## Enska

*Fathers' Pedagogical Vision: A Phenomenological Study.*

Parents, both mothers and fathers, play an important role in fostering their children's general growth and well-being. The purpose of this study was to gain a deeper understanding of fathers' pedagogical vision—their values, goals, and practices—and of how their lived experiences relate to their pedagogical vision. Another part of the purpose was to modify an analytical model which was based on Aðalbjarnardóttir's model of teachers' and principals' pedagogical vision to add to our understanding of fathers' pedagogical vision. The study's theoretical framework used both social constructivism and an ecological perspective in the spirit of Bronfenbrenner's ecological system theory. Phenomenological approach was used to analyse the data.

The analysis revealed several values the fathers appear to use for guidance in raising their children: security, love and care, honesty, respect, trust, and the value of the family. The well-being of their children is a leitmotif running through the fathers' parenting goals: They want their children to do well, especially in relation to their happiness and success. They want their children to be at peace with themselves and with life, have interpersonal skills, follow rules and customs, have healthy lifestyles, and be self-reliant. Providing children with security, love and care is an overarching theme in the fathers' parenting practices. They say they want to be there for the child, be a role model, give feedback, inform, provide freedom, and maintain discipline. In sum, they highly emphasize *love and care* and *freedom* (freedom of action, autonomy and independence) and *security and boundaries*. The fathers' lived experiences influence their view: their desire is to do better than their fathers. They want to participate more fully in parenting their children and have more of a

relationship with them, by spending more time with them, being emotionally closer to them, and having more and deeper conversations than they had with their own fathers. By far the most common pattern is that their role models are mothers (e.g., their own mother and the mother of their child). Elements of their socio-cultural and historical context, including Icelandic laws and regulations, values accepted in the community, the welfare system, media, and time and traditions also affect their views. The findings should be a valuable contribution to research on fatherhood and fathers' pedagogical vision. The findings should also be useful for policy makers in parent education and informative for administrators and other professionals in this area.

## Um doktorsefnið

Hrund Þórarins Ingudóttir fæddist árið 1967. Hún lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík árið 1987, djáknanámi frá Diakonissestiftelsen, Frederiksberg í Danmörku 1999, BA prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá félagsvísindadeild HÍ árið 2006 og meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræði frá félagsvísindadeild HÍ árið 2008. Hrund var gestanemandi við University of Minnesota í Bandaríkjunum á árunum 2010-2012 sem hluta af doktorsnámi sínu. Hrund hefur starfað sem aðjunkt í Uppeldis- og menntunarfræðideild frá janúar 2014 og þar á undan sem stundakennari. Hrund hefur verið þátttakandi í rannsóknarhópi Sigrúnar Aðalbjarnardóttur prófessors á Rannsóknasetri um lífshætti barna og ungmenna frá 2007. Hrund var verkefnisstjóri á setrinu 2008-2010. Þá var hún verkefnisstjóri Lífsleikni Þjóðkirkjunnar við fræðsludeild Biskupsstofu 2002-2008. Hún var djákni og æskulýðsfulltrúi við Laugarneskirkju í Reykjavík 1999-2002. Hrund hefur haldið fjölda námskeiða fyrir foreldra og börn. Hrund er gift Páli Skaftasyni og saman eiga þau þrjú börn, Karítas, Benjamín og Salóme.